



Markaðsstofa Suðurlands

## Framvinduskýrsla september - desember 2014

### Vest Norden

Markaðsstofan tók þátt í ferðasýningunni VestNorden í byrjun október þar sem við Sunnlendingar vorum saman og vel sýnileg við eins konar Suðurlandsgötu, með borðskraut og merkingar í limegræna landshlutilitnum.

Hægt er að skoða myndir frá sýningunni á slóðinni hér fyrir neðan:

<http://www.vestnorden.com/bottom-menu/vntm14-photos.html>

Markaðsstofan átti fjölmarga og góða fundi með kaupendum og sendum lista yfir viðmælendur okkar á alla aðila Markaðsstofunnar og þeir hvattir til að hafa samband við þessa aðila og kynna fyrir þeim sín fyrirtæki og þjónustu.

### Nýr landshlutabæklingur kominn út

Í haust gáfum við í sjötta sinn út landshlutabæklinginn fyrir Suðurland, sem telur nú um 275 síður. Aðilum Markaðsstofunnar hefur jafnt og þétt fjölgað á síðustu árum og fá þeir góða listun í handbókinni. Þá var sú nýbreytni í nýjustu útgáfunni að kort af helstu þéttbýlisstöðum á Suðurlandi var bætt inn í umfjöllunina um þau. Gerir það þeim sem heimsækja svæðið auðveldara fyrir, bæði með að rata um og nýta þá þjónustu sem í boði er á þessum þéttbýlisstöðum.

Bæklingurinn er gefinn út í 45.000 eintökum og er honum markvisst dreift af dreifingaraðilanum R3 – ráðgjöf á upplýsingamiðstöðvar um allt land og á Keflavíkurflugvöll.

### Nýtt fréttabréf

Markaðsstofa Suðurlands hefur hafið útgáfu á rafrænu fréttabréfi þar sem stiklað er á stóru í því sem við erum að vinna að hverju sinni. Ætlunin er að gefa slík út ársfjórðungslega þar sem farið er yfir helstu verkefni liðinna mánuða sem og það sem framundan er.

### Stefnumótun Markaðsstofunnar

Markaðsstofan hefur frá því í haust unnið að því að endurskoða stefnu sína og hlutverk. Fram til þessa hefur skilgreint verksvið hennar verið vítt, en eðli málsins samkvæmt hefur áherslan mest verið á ferðamálin. Því þótti lag að endurskilgreina stefnuna og færa hana nær því sem starfemin stendur í raun fyrir. Í því samhengi þótti mikilvægt að skoða hlutverk MSS með tilliti til annara í stoðkerfi ferðaþjónustunnar ásamt því að kalla að borðinu þá sem eru beinir hagsmunaaðilar að stofunni; sveitarfélög og aðildarfyrirtækin.

Í þeirri vinnu höfum við verið að velta fyrir okkur spurningunni „hvaða hlutverki gegnir MSS í stóru myndinni“ og hvaða verkefnum á hún að vera að sinna fyrir þá hagsmunaaðila sem að henni standa?

Því var ráðist í ýmis konar undirbúningsvinnu að mótun nýrrar stefnu sem var síðan notað sem upplagg að málþingi sem haldið var í byrjun nóvember.

### Könnun meðal aðila

Könnun var send út til aðila þar sem við óskuðum eftir álitum þeirra á mismunandi þáttum í starfsemi stofunnar. Svörun var ágæt og voru niðurstöður hennar nýttar við endurskoðun á stefnumótun Markaðsstofunnar, m.a. við undirbúning málþings sem haldið verður í byrjun nóvember.

### Málþing Markaðsstofunnar

Framtíð ferðapjónustu á Suðurlandi - málþing Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands stóð fyrir málþingi um ferðapjónustu á Suðurlandi og stefnumótun til framtíðar í Vík í byrjun nóvember. Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu flutti erindi sem bar yfirskriftina „Staðan í dag og horft til framtíðar“ og Björg Árnadóttir frá South Iceland Adventure var með innlegg sem hét „Hver er þörf ferðapjónustuaðila? Hvað þarf að gera?“.

Þá var framkvæmdastjóri MSS með nokkur innlegg þar sem hinar ýmsu áskoranir og hugmyndir voru viðraðar. Meðal annars var fjallað um um dreifingu ferðamanna, lengd dvalar á svæðinu ásamt því að kynna hugmyndir að stefnumótun ferðamála á Suðurlandi til framtíðar.

Þá var rætt um mismunandi aðkomu og hlutverk hagsmunaaðila, bæði Markaðsstofunnar og annara sem koma beint og óbeint að ferðapjónustu á Suðurlandi.

Að loknum erindum voru umræður þar sem þátttakendum gafst kostur á að vinna saman í hópum og ræða mismunandi málefni og leggja fram sitt álit og skiluðu svo niðurstöðum sínum í lok þingsins. Þær hafa svo verið nýttar sem grunnur að nýrri stefnumótun fyrir Markaðsstofuna.



### Niðurstöður

Nýtt hlutverk, stefna, tilgangur og markmið hafa verið unnar út frá þeim niðurstöðum sem lágu fyrir eftir málþingið og aðra undirbúningsvinnu. Verða þær teknar fyrir af stjórn á fundi í janúar og í framhaldinu kynntar fyrir öðrum hagsmunaaðilum. Mikilvægt er að trygg fjármögnun fylgi þeim verkefnum sem MSS mun bæta við sig. Verið er að leita leiða til að tryggja það.

### Uppskeruhátíð Markaðsstofunnar

Að loknu málþingi buðu heimamenn uppá örferð um Mýrdalinn þar sem gestir fengu m.a. að skoða nýjan veitingastað, smakka fýl, skoða glerlist og hlýða tóna frá ungum tónlistarmanni og bónda úr Mýrdalnum, sem tók lagið um borð í Skaftfelling. Vakti þetta mikla lukku og viljum við þakka heimamönnum fyrir frábærar móttökur.



Um kvöldið var svo haldin Uppskeruhátíð ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi. Heiðursgestur kvöldsins var Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála. Þá var sú nýbreytni þetta árið að Markaðsstofan veitti tvær viðurkenningar til „Sprota ársins“ og fyrir „Framlag til ferðaþjónustu“.

Viðurkenningu fyrir Sprota ársins fékk Svarta fjaran í Reynisfjöru fyrir eftirtektarverða nýjung á Suðurlandi. Þá hlaut Ásborg Ósk Arnþórsdóttir viðurkenningu Markaðsstofunnar fyrir ötul störf í þágu ferðaþjónustu á Suðurlandi.



Fréttatilkynning um málþingið og uppskeruhátíðina var send á Sunnlenska miðla í kjölfarið.

## **Iceland Tourism – samstarf**

Markaðsstofan átti góða vinnufundi í nóvember í samstarfi við Iceland Tourism klasann þar sem stigin voru fyrstu skref í að undirbúa og greina stefnumótun fyrir Suðurland sem áfangastað.

Fyrirhugaður er fundur í janúar þar sem farið verður nánar yfir niðurstöður þeirrar vinnu, en hér er samantekt yfir það helsta sem kom fram:


- Að menn vilja að Suðurlandið sé skilgreint sem heilsársáfangastaður sem býðr upp á fjölbreytt úrval afþreyingar fyrir allar tengudir ferðamanna.
- Lagðar voru fram margar möguleikar á mismunandi “vörum” fyrir mismunandi aðila á mismunandi stöðum. Útfærsla og tillögur verða settar fram í niðurstöðum.
- Athygli vakti að því austar sem við fórum því meira “high end” telja menn að svæðin séu, þeas séu aðlaðandi fyrir verðmætari viðskiptavini.
- Horft var til margra mögulegra markhópa og samstarfsmöguleika á milli svæða en menn voru á því að mikilvægt væri að byggja upp samþætta “pakka” sem myndu stuðla að því að lengja dvalartíma gesta á Suðurland. Hugmyndir verða settar fram á skýran hátt sem hægt er að útfæra nánar
- Horft var til nokkurra viðburða sem hægt væri að byggja upp og sækjast eftir í tengslum við það sem fyrir er, en nánari útfærsla verður sett fram í niðurstöðum.

- Svæðin sem menn voru sammála um eru þrjú.

## Ný heimasíða komin í loftið

Nýja heimasíðan [www.south.is](http://www.south.is) fór í loftið um miðjan desember. Hefur hún góða samfélagsmiðlatengingu, er snjalltækjavæn ásamt því að gefa góða möguleika á framsetningu efnis s.s. hvað er hægt að gera í næsta nágrenni við valinn áfangastað og fleira.

Aðildarfyrirtæki Markaðsstofunnar fá góða listun á síðunni, þar sem er að finna ítarlegar upplýsingar um fyrirtækið ásamt tengiliðaupplýsingum og myndum. Verið er að vinna í að fara yfir skráningar, bæta við myndum og uppfæra upplýsingar aðildarfyrirtækja. Þá er unnið að því að sameina síður Markaðsstofunnar ([www.winterwonderland.is](http://www.winterwonderland.is) og [www.markaðsstofa.is](http://www.markaðsstofa.is)) undir eina síðu, [www.south.is](http://www.south.is) til að einfalda ut anumhald og minnka kostnað.



## Aðildarfyrirtæki og sveitarfélög

Nokkrir nýir aðilar hafa óskað eftir aðild að Markaðsstofunni, m.a. í kjölfar nýrrar heimasíðu sem og Mannamóta. Er þau boðin velkomin í hópinn.

Samningar við sveitarfélögin eru lausir frá og með áramótum og miðar þeirri vinnu vel.

## Fjármál Markaðsstofunnar

Nokkuð hefur verið unnið í fjármálum Markaðsstofunnar síðustu misseri þar sem kostnaður hefur verið umfram tekjur. Þá er ljóst að ef Markaðstofan tekur að sér ný hlutverk í virðiskeðju ferðaþjónustunnar á Suðurlandi þarf að fylgja því fjármagn. Hefur það því nokkur vinna verið sett í að finna leiðir til að tryggja fjármagn og þar með rekstrargrunn stofunnar.

## Fjölmiðlar

Nokkuð hefur verið leitað til Markaðsstofunnar vegna komu erlendra blaðamanna á tímabilinu og hefur gengið vel að koma til móts við óskir þeirra.

## Sýningar og workshop

Fyrirhugað er að Markaðsstofan taki þátt í Mid Atlantic í byrjun febrúar ásamt því að koma að post tour í tengslum við sýninguna, í samstarfi við aðila á svæðinu.

Þá standa Markaðsstofur Landshlutanna fyrir Mannamótum 2015 sem fram fara þann 22. Janúar og hefur undirbúningur verið í fullum gangi.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um þátttöku í öðrum (erlendum) sýningum vor 2015 enn sem komið er sökum þröngrar fjárhagsstöðu.

## Önnur verkefni / fundir

Starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands hafa sótt fund og ráðstefnur eftir því sem tækifæri er til.

Meðal annara má nefna:

- Kynningafundur á Markaðsstofunni fyrir Ferðamálasamtök Árborgar, Ferðamálasamtök Hveragerðis sem og Lionsklúbbs Hveragerðis.
- Kynning á Markaðsstofunni og drög að nýrri stefnu fyrir ýmis sveitarfélög.
- Fundur með verkefnisstjórn um ferðamálastefnu þar sem samþykkt var að Markaðsstofur Landshlutanna að yrðu virkir þátttakendur að.
- Samráðsfundur Markaðsstofa landshlutanna.
- Ýmsir fundir vegna náttúrupassa.
- Stjórnar og vinnufundir í tengslum við stefnumótunarvinnu.
- Stofnfundur Bókabæjanna austan fjalls

### Framundan í janúar eru verkefni/fundir eins og:

- Framundan fundur með aðilum í stoðþjónustu ferðaðjónustunnar (svetiarfélög og klasar)
- Aðkoma að mótun stefnu ferðamála í Árborg
- Mannamót 22. janúar
- Fundur með erlendri PR stofu á vegum Íslandsstofu
- Fundur um mörkun Ísland sem áfangastaðar á vegum Íslandsstofu
- Fundur/kynning fyrir Ferðaðjónustu Bænda
- Áframhaldandi vinna við uppfærslu [www.south.is](http://www.south.is)
- Fréttabréf – gerð mismunandi póstlista MSS
- Áframhaldandi vinna við skráningu aðila ásamt samskiptasögu
- Fjárhagsáætlun 2015
- Kynning á nýrri stefnu fyrir ýmsa hagsmunaaðila